

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2019  
UST201904-070/R.G.F.  
04.03

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnslu og umgjörð).**

Umhverfisstofnun fagnar frumvarpi umhverfis- og auðlindaráðherra um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 sem ætlað er að styrkja stjórnslu og umgjörð á sviði loftslagsmála.

Umhverfisstofnun hefur gert umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál og sent inn á Samráðsgátt stjórnvalda. Tillögur Umhverfisstofnunar hafa að hluta til verið teknar upp í þetta frumvarp, einkum hvað varðar losunarbókhald en aðrar tillögur m.a. varðandi þátttöku Umhverfisstofnunar í þróun aðgerðaáætlun stjórnvalda hafa ekki verið teknar upp.

Umhverfisstofnun telur að ný ákvæði frumvarpsins um lögfestingu á stofnun og hlutverki loftslagsráðs, loftslagsstefnu Stjórnarráðsins og reglulega skýrslugjöf um áhrif loftslagsbreytinga séu til þess fallin að styrkja umgjörð stjórnslu loftslagsmála. Einnig eru breytingar á ákvæðum um losunarbókhald og loftslagssjóð mikilvægar breytingar á núgildandi lögum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skýr ákvæði séu um hlutverk Umhverfisstofnunar í þróun aðgerðaáætlunar um loftslagsmál. Umhverfisstofnun fer skv. 4. gr. laga um loftslagsmál með framkvæmd laganna í samráði og samvinnu við önnur stjórnvöld. Umhverfisstofnun gegnir einnig mikilvægu hlutverki sem lögbært stjórnvald vegna viðskiptakerfis ESB og sem landsstjórnandi í skráningarkerfi þess kerfis. Stofnunin heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis úr andrúmslofti í samvinnu við fjölda stofnanna. Er bókhaldið gert í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES samningnum) og öðrum alþjóðasamningum á sviði loftslagsmála. Stofnunin gefur út skýrslur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með reglulegum hætti og fylgist því náið með þróun þeirra breytinga sem verða á milli ára og gerir einnig áætlun um losun gróðurhúsalofttegunda til framtíðar. Stofnunin ber einnig ábyrgð á að taka saman yfirlit yfir aðgerðir stjórnvalda og

annarra aðila í loftslagsmálum og skila á tveggja ára fresti yfirliti yfir aðgerðir stjórnvalda í samræmi við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi.

Það er mjög mikilvægt að sú þekking sem þegar hefur skapast á sviði loftslagsmála verði samnýtt þannig að áætlanagerð í loftslagsmálum verði bætt með aukinni áherslu á mælanlegan árangur aðgerða hverju sinni og hverju þær munu í raun skila til framtíðar, þannig að tryggt verði að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi. Ef samþykktar aðgerðir leiða ekki til þess að markmið Íslands náist, þá þarf að bæta við aðgerðum til að auka árangur landsins í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að skýr eftirfylgni sé með aðgerðum svo hægt sé að grípa inn ef samþykktar aðgerðir duga ekki til að ná settum markmiðum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að uppfylla. Þær aðgerðir sem settar verða fram af stjórnvöldum verða að vera vel skilgreindar, tímasettar og mælanlegar. Einnig verður að vera ljóst hvornig þær eiga að vera fjármagnaðar og hvaða árangri þær eiga að skila. Umhverfisstofnun skilar á tveggja ára fresti skýrslu til Umhverfisstofnunar Evrópu um stefnur og aðgerðir í loftslagsmálum þar sem sérstök áhersla er á að stjórnvöld sýni með rauntölum hvaða árangri aðgerðir stjórnvalda sé að skila í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi skýrsla er rýnd í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES samningnum og birt opinberlega. Það er því nauðsynlegt að aðgerðirnar í aðgerðaáætluninni séu rýndar út frá þekkingu á raunlosun sem er fyrir hendi í Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun gerir jafnframt eftirtaldar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

## **Um 2. gr.**

Um skýrara hlutverk Umhverfisstofnunar við þróun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum vísast til þess sem áður hefur verið sagt hér að framan um mikilvægi þess að Umhverfisstofnun taki þátt í þróun aðgerðaáætlunar þannig að sérfræðikunnátta nýtist og virkni aðgerða sé sem mest. Til frekari skýringar eru tillögur Umhverfisstofnunar um hlutverk verkefnisstjórnar, loftslagsráðs og Umhverfisstofnunar við þróun aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar settar fram í eftirfarandi flæðiriti.

Mynd 1. Flæðirit yfir verkferil á gerð aðgerðaáætlunar ríkisstjórnar.

### 1. verkefnastjórn

- Tekur saman áætlanir einstakra geira og setur saman í samfellda aðgerðaáætlun og afhendir til Umhverfisstofnunnar. Tilgreindar aðgerðir þurfa að vera tímasettar, mælanlegar, fjármagnaðar og með skilgreind tölusett markmið um samdrátt á losun.

### 2. Umhverfisstofnun

- Gerir greiningu á stefnum og aðgerðum í drögum að aðgerðaáætluninni og áætlar áhrif þeirra á samdrátt í losun (svo kallað "ex ante").
- Framreiknar áætlaða losun fram í tíman í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar m.v. þær stefnur og aðgerðir sem eru í gildi á þeim tíma.

### 3. Verkefnisstjórn

- Gerir drög að aðgerðaáætlun og sendir til Loftslagsráðs til rýni

### 4. Loftslagsráð

- Rýnir drög að aðgerðaáætlun og sendir verkefnisstjórn.

### 5. Verkefnisstjórn

- Vinnur lokadrög áætlunarinnar og sendir Ráðherra til samþykktar.

### 6. Verkefnisstjórn

- Verkefnisstjórn sendir Umhverfisstofnun samþykktu aðgerðaáætlun sem stofnunin setur inn í skýrslu í samræmi við skuldbindingar Íslands.

### 7. Verkefnastjórn

- Aðgerðaáætlun skal endurskoða og eftir atvikum uppfæra eigi sjaldnar en á 3-ára fresti sk. lið 1 til 6 þessa flæðirits.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi tillögu að breytingu við 1. mgr. 5. gr. laga um loftslagsmál sem hljóðar þannig:

*„Ráðherra lætur gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Í aðgerðaáætlun skal setja fram tillögur að aðgerðum sem eru tímasettar, mælanlegar, fjármagnaðar og með skýran áætlaðan tölulegan ávinning til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi svo að stjórnvöld fái stadið við stefnu sína og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram mat á áætluðum kostnaði við framkvæmd aðgerðanna sem þar eru lagðar til“*

Einnig er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein á eftir 4. mgr. 5. gr. svohljóðandi:

*„Umhverfisstofnun skal gera úttekt á hvaða tölulegur árangur hefur náðst með aðgerðum ríkisstjórnarinnar“*

Um 3. gr.


(5. gr. b)

Í 5. gr. b er loftslagsráði gefið það hlutverk að miðla fræðslu og upplýsingum um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Koma þarf í veg fyrir tvíverknað og gæta að samhæfingu á sviði fræðslu og upplýsingamála þar sem að Umhverfisstofnun hefur einnig fræðslu og upplýsingahlutverk á mörgum sviðum er varða loftslagsmálefni.

(3 og 4. mgr. 5.gr. c)

Umhverfisstofnun fagnar auknu hlutverki stofnunarinnar við framkvæmd og eftirliti með loftslagsstefnu stjórnvalds í 3. og 4. mgr. 5. gr. c. laganna.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Agústsdóttir  
Staðgengill forstjóra

  
Elva Rakef Jónsdóttir  
Sviðsstjóri